

***BORGARRÁÐ 23. júlí 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um öryggisatriði í samningi um framtíð Reykjavíkurflugvallar - R20070145***

1. Er búið að setja upp aðflugsljós/lendingarljós fyrir flugbraut 13 sem kveðið er á um í samningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group, frá árinu 2013? 2. Isavia hefur farið þess á leit við NLR/Hollensku flug- og geimferðastofnunina, að framkvæma hermun á áhrifum fyrirhugaðrar byggðar í Skerjafirði á vindsveipi á og yfir Reykjavíkurflugvelli með tilliti til flugöryggis. Mun borgarstjórn tryggja öryggi flugumferðar ef það þýðir frestun eða breytingu byggðar í Skerjafirði? 3. Hefur verið staðið við að fella tré í Öskjuhlíð í þágu flugstarfseminnar sem kveðið er á í samningnum? 4. Í samningnum fellst opin heimild til fellingu trjá – er endurmat gert á hverju ári um fellingu svo tré í Öskjuhlíð trufli ekki flugvallarstarfsemi? 5. Hefur það verið skoðað hvort fella þurfi aspir sem eru við enda flugbrautarinnar og eru á bílaplani HR þar sem flugmenn hafa kvartað yfir því að þær trufli flugstarfsemi flugvallarins?